

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
14 151

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
kt. 701211-0140
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga nr. 130/2011. Nefndin hefur það hlutverk að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á lagasviði nefndarinnar.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 17 og málaflokk 50 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 143,9 milljónir og afkoma kr. 2,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 3,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 27,5 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. maí 2020

Staður, dags.

Nanna Magnadóttir

Forstöðumaður

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	143.600.000	134.200.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	324.715	426.647
Tekjur samtals		<u>143.924.715</u>	<u>134.626.647</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3	127.738.260	116.554.632
Annar rekstrarkostnaður	4	13.577.230	11.330.839
Afskriftir	6	324.715	426.647
Gjöld samtals		<u>141.640.205</u>	<u>128.312.118</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		2.284.510	6.314.529
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(20.838)	(33.398)
		(20.838)	(33.398)
Afkoma ársins		<u>2.263.672</u>	<u>6.281.131</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Áhöld, tæki og búnaður		1.558.170	1.402.896
Fastafjármunir samtals		<u>1.558.170</u>	<u>1.402.896</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	7	25.904.978	11.875.666
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		0	94.860
Veltufjármunir samtals		<u>25.904.978</u>	<u>11.970.526</u>
Eignir samtals		<u>27.463.148</u>	<u>13.373.422</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Hrein eign		3.911.696	1.648.024
Eigið fé samtals		<u>3.911.696</u>	<u>1.648.024</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	7	9.007	547.226
Viðskiptaskuldir		2.070.663	460.571
Ýmsar skammtímaskuldir	9	19.411.494	8.932.598
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	10	2.060.288	1.785.003
Skuldir samtals		<u>23.551.452</u>	<u>11.725.398</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>27.463.148</u>	<u>13.373.422</u>
Aðrar upplýsingar	11		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		2.263.672	6.281.131
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	324.715	426.647
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(324.715)	(426.647)
		<u>2.263.672</u>	<u>6.281.131</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur		94.860	0
Tengdir aðilar		(14.447.520)	(9.252.828)
Skammtímaskuldir		12.088.988	2.971.697
		<u>(2.263.672)</u>	<u>(6.281.131)</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	6	(479.989)	(817.893)
		<u>(479.989)</u>	<u>(817.893)</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt			
Tengdir aðilar		(120.011)	(382.107)
Fjárfestingarframlag		600.000	1.200.000
		<u>479.989</u>	<u>817.893</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilaanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjáráskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgögnukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	143.600.000	134.200.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	324.715	426.647
	143.924.715	134.626.647

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	129.400.000	0	0	129.400.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	14.200.000	0	0	14.200.000
Fjárveiting til tekna	143.600.000	0	0	143.600.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum	(141.336.328)	0	0	(141.336.328)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	2.263.672	0	0	2.263.672

	2019	2018
3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	101.934.425	92.143.744
Orlof, breyting	3.010.695	3.318.750
Launatengd gjöld	22.363.614	20.537.586
Starfsmannakostnaður	429.526	554.552
	127.738.260	116.554.632
Meðalfjöldi stöðugilda	9,1	8,4

	2019	2018
4 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	116.127	155.806
Byggingarvörur, almennar	41.108	35.996
Ýmis tæki og áhöld	237.226	33.760
Matvæli	664.640	388.258
Almennar rekstrarvörur	0	17.275
Vörukaup, almenn	1.059.101	631.095
Fundir, námskeið, risna	941.362	1.277.079
Ferðir, uppihald	743.636	198.568
Akstur	97.350	24.379
Sérfræðipjónusta	1.841.200	1.125.000
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	8.149	7.205
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	18.600	0
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.358.948	0
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	5.009.245	2.632.231
Samningsbundin kaup og leiga	223.050	0
Afnotagjöld	1.185.082	1.385.231
Leigugjöld	559.264	124.886
Verkkaup	712.612	952.667
Kostnaðarhlutdeild	4.818.876	5.604.729
Tilfærslur	10.000	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	7.508.884	8.067.513
Annar rekstrarkostnaður samtals	13.577.230	11.330.839

Skýringar

6 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	1.558.170	1.402.896
	<u>1.558.170</u>	<u>1.402.896</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 1.1.2019	4.121.142	4.121.142
Viðbætur á árinu	<u>479.989</u>	<u>479.989</u>
	4.601.131	4.601.131
Afskriftir 1.1.2019	2.718.246	2.718.246
Afskrift ársins	<u>324.715</u>	<u>324.715</u>
	3.042.961	3.042.961
Staða 31.12.2019	<u>1.558.170</u>	<u>1.558.170</u>
	31.12.2019	31.12.2018

7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	25.904.978	11.875.666
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	<u>0</u>	<u>0</u>
	25.904.978	11.875.666

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	9.007	547.226
	<u>9.007</u>	<u>547.226</u>

8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	1.648.024	(4.633.107)
Afkoma ársins	<u>2.263.672</u>	<u>6.281.131</u>
Jöfnuður 31.12.	3.911.696	1.648.024

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

9 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	19.172.389	8.932.598
Ógreidd laun	65.100	0
Önnur ógreidd gjöld	<u>174.005</u>	<u>0</u>
	19.411.494	8.932.598

Skýringar

10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	1.558.170	1.402.896
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	502.118	382.107
	<u>2.060.288</u>	<u>1.785.003</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	1.402.896	382.107	1.785.003
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	600.000	600.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	479.989	(479.989)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(324.715)	0	(324.715)
	<u>1.558.170</u>	<u>502.118</u>	<u>2.060.288</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 0,3 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

11 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundin samning við Umbra þjónustumiðstöð stjórnarráðsins um húsa- og tölvuleigu ásamt annari þjónustu, árlega greiðslur vegna hans nema kr. 6.4 milljónum.

Aðrir rekstrar- og þjónustusamningar hjá stofnun nema kr. 1.3 milljónum vegna ársins 2020.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.